

fyrirsvarsmönnum eða starfsmönnum aðaláfrýjanda máls þessa sé þar um að kenna.

2. Skýrslu Páls Bergþórssonar veðurfræðings um viðtal það, sem talið er, að Marínó Þórður Jónsson og Gísli heitinn Axelsson hafi við hann átt fyrir flugferðina.
3. Skýrslna um, á hvaða tímum dags séu gerðar veðurathuganir á veðurathugunarstöðvum frá Reykhólum og Æðey og hvenær tilkynningar um veðurathuganir þessar berist Veðurstofunni í Reykjavík.

Ályktarorð:

Aðiljum veitist kostur á því að afla framangreindra gagna.

Mánudaginn 21. desember 1970.

Nr. 136/1970. **Georg Hermannsson**

(Björn Hermannsson hrl.)

gegn

Samvinnutryggingum

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómarmennir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason og prófessor Ármann Snævarr.

Vátrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. júlí 1970. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 6.460.40 með 7% ársvötum frá 25. janúar 1968 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eins og mál þetta er lagt fyrir Hæstarétt, er ágreiningslaust, að vátryggingarsamningur málsaðilja hafi eigi tekið til annars tjóns en þess, sem fallið hafi undir hina lögboðnu ábyrgðartryggingu samkvæmt 70. gr. laga nr. 26/1958, og að greiðsluskylda stefnda gagnvart áfrýjanda velti á því, hvort tjón það, sem málið er risið af, hafi orðið með þeim atvikum, að áfrýjandi hafi borið á því skaðabótaábyrgð samkvæmt 67. gr., sbr. 69. gr. laga þessara.

Er fyrrgreint tjón varð, var dráttarvél áfrýjanda í notkun sem fastskorðuð, óhreyfanleg vinnuvél, er knúði skurðgröfutaeki það, sem við hana var tengt og tjóninu olli. Stóð tjónið þannig í engu sambandi við notkun dráttarvélarinnar sem ökutækis. Varð skaðabótaábyrgð áfrýjanda á tjóni þessu því ekki reist á 67. gr., sbr. 69. gr. fyrrgreindra laga. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. maí 1970.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 4. þ. m., hefur Georg Hermannsson bifreiðarstjóri, Yzta-Mói í Fljótum, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 3. desember 1969, á hendur Samvinnutryggingum g/t hér í borg til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 6.460.40 með 7% ársvöxtum frá 25. janúar 1968 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Hinn 27. júní 1966 var unnið við að grafa skurð frá húsinu nr. 29 við Móabará í Hafnarfirði yfir götuna. Var verkið framkvæmt með skurðgröfuútbúnaði, sem dráttarvélin KD 348 var búin og stjórnað var af stjórnanda dráttarvélarinnar. Dráttarvélin er af gerðinni Massey Ferguson, ángerð 1962, og er eign stefnanda máls þessa. Er verið var að grafa skurð þennan með

skurgröfuútbúnaði dráttarvélarinnar, vildi svo til, að skófla hans sleit rafmagnsstreng, er var í um 3 feta dýpt við götubrúnina. Er jarðstrengur þessi eign Rafmagnsveitu Hafnarfjarðar. Stefnandi hafði hinn 9. nóvember 1962 keypt hjá bifreiðadeild stefnda ábyrgðartryggingu fyrir dráttarvélin. Í beiðni þeirri, sem stefnandi undirritaði, er notkun þeirri, sem dráttarvélin er ætluð til, lýst svo: „Landbúnaðarframkvæmda (Iðnaðarvél)“. Var síðan gefið út tryggingarskírteini til stefnanda. Nam hámarkstryggingarfjárhæð kr. 200.000.00 og ársiðgjaldið kr. 750.00. Í meginmáli tryggingarskírteinisins segir m. a. svo: „Tryggingin gildir fyrir tjón gegn sérhverri einkaréttarskaðabótakröfu, sem váttryggingartaka, samkvæmt núgildandi bifreiðalögum, er skylt að tryggja gegn, sem eigandi hinnar váttryggðu vélar, vegna tjóns, sem hlotizt hefur af notkun hennar. ... Um tryggingu þessa gilda ennfremur almennir og sérstakir tryggingaskilmálar, sem skráðir eru annars staðar á þessu skírteini, svo og upplýsingar þær, er gefnar eru á váttryggingarbeiðni frá eiganda ofanskráðrar dráttarvélar“. Það er ágreiningslaust, að ekki hafi verið gefin út ný tryggingarskírteini í stað hins fyrsta, en tryggingin hafi verið framlengd með iðgjaldskvittunum. Rafveita Hafnarfjarðar krafði stefnda um greiðslu bóta fyrir tjón það, sem orðið hafði á jarðstrengnum, en það nam kr. 4.962.05. Stefndi synjaði greiðslu á þeim grundvelli, að tjónið hefði ekki hlotizt af notkun dráttarvélarinnar sem ökutækis. Hinn 25. janúar 1968 greiddi stefnandi Rafveitu Hafnarfjarðar bætur fyrir framangreint tjón hennar ásamt vöxtum, er námu kr. 449.92, og innheimtulaunum, er námu kr. 1.048.00, enda hafði Rafveita Hafnarfjarðar áður boðað stefnanda, að krafan yrði heimt með málssókn. Stefnandi krafði nú stefnda um fjárhæðir þær, sem hann hafði greitt Rafveitu Hafnarfjarðar, en af hálfu stefnda var synjað greiðslu á sömu forsendum og fyrr. Í málinu er komin fram „Beiðni um ábyrgðartryggingu“ til stefnda, undirrituð af stefnanda hinn 30. apríl 1964, þar sem óskað er eftir ábyrgðartryggingu fyrir dráttarvélinu KD 348 „með ýtutönn og skurðgröfuútbúnaði“. Er tryggingarfjárhæðin kr. 500.000.00 og tryggingartímabilið 1. maí 1964—1. nóvember s. á. Einnig er fram komin sams konar beiðni um ábyrgðartryggingu fyrir Massey Ferguson fjölgröfu í eigu stefnanda, dags. hinn 28. október 1965. Ekki er tryggingarbeiðandi nafngreindur, en fram kemur, að beiðið hefur verið um trygginguna með símtali. Er tryggingarfjárhæðin kr. 500.000.00 og tryggingartímabilið 29. október 1965—4. nóvember s. á.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að hann hafi í nóvembermánuði 1962 keypt af Dráttarvélum h/f nýinnflutta dráttarvél af gerðinni Massey Ferguson og hafi vélin verið með áfestum ámoksturstækjum að framan og með búnaði til graftar að aftan. Hinn 9. nóvember 1962 kveðst stefnandi hafa snúið sér til aðalskrifstofu stefnda hér í borg til að fá keypta tryggingu fyrir dráttarvélin. Kveðst stefnandi hafa snúið sér til þess manns innan stofnunarinnar, sem sér hafi verið vísað til. Kveðst stefnandi og hafa lýst dráttarvélinni og búnaði hennar öllum fyrir starfsmanni þessum, eins og hann hafi bezt getað, og hafi hann ekkert undan dregið. Kveðst hann hafa skýrt frá því, að dráttarvélin væri búin tækjum til ámoksturs og graftar. Kveðst stefnandi síðan hafa gengið frá tryggingu þeirri, sem hann keypti fyrir vélin, eftir þeim reglum, sem þessi starfsmaður stefnda hafi sýnt sér og skýrt sér frá. Kveðst stefnandi hafa undirritað beiðni þar að lútandi, sem haft hafi að geyma lýsingu á dráttarvélinni og búnaði hennar. Síðan hafi samdægurs verið gefið út tryggingarskirteini. Kveðst stefnandi hafa talið, að eftir þeim upplýsingum, sem hann hafði fengið hjá fyrrgreindum starfsmanni stefnda, væri hann að kaupa þá tryggingu fyrir vélin, sem ætti við hana. Ekki kveðst stefnandi minnst þess, að breytingar hafi orðið á tryggingunni, frá því að hún var tekin og þar til greindur tjónatburður varð. Stefnandi kveðst hafa greitt iðgjöld af tryggingunni til umboðsmanns stefnda hjá Samvinnufélagi Fljóta-
manna. Kveðst hann ekki minnst þess, að notkun vélarinnar hafi sérstaklega borið á góma milli sín og þeirra umboðsmanna stefnda, sem þar eru búnir að vera. Kveðst stefnandi telja, að vegna allra aðstæðna hljóti umboðsmönnum stefnda þar á staðnum að hafa verið um það kunnugt, á hvern hátt dráttarvélin var notuð. Stefnandi kveðst ekki hafa stundað búrekstur, er umrædd trygging var tekin. Hann kveðst um langt árabil hafa stundað bifreiðarakstur. Kveðst hafa notað dráttarvélin til ámoksturs á vörubifreiðar, sem hann átti, svo og til annarra álíkra starfa. Stefnandi kveður verkefnaskort hafa verið fyrir dráttarvélin fyrir norðan og kveðst því hafa farið með hana suður. Kveður hann Niels Nielsson, sem starfað hafði með vélin fyrir norðan, nú hafa starfað hjá manni í Kópavogi, sem haft hafi með höndum útleigu á vinnvélum. Kveður stefnandi Niels hafa haft umráð yfir dráttarvélinni og kveður hana hafa verið notaða til útleigu frá greindu vélaleigufyrirtæki, þegar skortur hafi verið á dráttarvélum. Kveður stefnandi þetta hafa verið gert með sinni vitund

og sínu samþykki. Kveðst stefnandi ekki hafa verið með dráttarvélina, er umræddur tjónatburður varð. Þegar vélin er notuð til skurðgraftar, kveður stefnandi hana yfirleitt vera skorðaða með stuðningsklossum, sem eru aftan á vélinni. Kveður hann einnig hægt að nota vélina til skurðgraftar, án þess að hún sé skorðuð með stuðningsklossunum, en það reyni meira á hjól hennar. Stefandi kveður skurðgröfuútbúnaðinn knúinn afli frá aðalvél dráttarvélarinnar, en kveður sjálfstæð stjórnþæki vera fyrir skurðgröfuútbúnaðinn. Ekki kveðst stefnandi minnst sérstaklega atvika að tryggingarbeiðninni frá 30. apríl 1964. Telur hann frekast, að einhver, sem hann hafi unnið fyrir, hafi farið fram á það, að hann tæki slíka tryggingu. Varðandi tryggingarbeiðnina frá 28. október 1965 kveðst stefnandi telja sig muna það rétt, að hann hafi heyrt um þá tryggingu, eftir að hún hafði verið tekin.

Vitnið Örn Björnsson, starfsmaður stefnda, kveðst hafa tekið við tryggingarbeiðni þeirri, sem stefnandi undirritaði og gengið frá henni. Ekki kveðst vitnið nú muna eftir atvikum að þessu, enda hafi það oft komið fyrir, að það hafi í starfi sínu afgreitt tugi manna á einum degi, og kveðst því ekki minnst allra þeirra, sem það afgreiði við slíkar aðstæður. Vitnið kveður starfsmenn stefnda, sem störfuðu við tryggingar ökutækja, hafa haft fyrir-mæli um að benda tryggingartökum á, að auk hinnar lögbundnu ábyrgðartryggingar gætu þeir keypt frjálsa ábyrgðartryggingu. Af tryggingarbeiðni stefnanda kveður vitnið vera ljóst, að það hafi spurt tryggingartaka að því, til hverra nota umrædd dráttarvél væri ætluð, og sé ljóst, að stefnandi hafi ætlað að nota hana til landbúnaðarstarfa og verklegra framkvæmda. Kveðst vitnið telja mjög sennilegt, að það hafi bent tryggingartaka á, að þar sem hann ætlaði að nota dráttarvélina til verklegra framkvæmda, þá þyrfti hann einnig að kaupa frjálsa ábyrgðartryggingu. Vitnið kveður það ekki hafa verið í sínu starfssviði að tilkynna breytingar á áhættuflokkum til eldri tryggingartaka.

Vitnið Níels Níelsson kveðst hafa stjórnað umræddri dráttarvél, er umræddur tjónatburður varð. Kveðst vitnið hafa starfað við þungavinnuvélar um tveggja ára skeið, áður en atburður þessi varð, og með þessa dráttarvél. Áður en það byrjaði á verkinu, kveður það mann þann, sem það starfaði fyrir og verið hafi eigandi húss þess, sem vitnið telur, að verið hafi nr. 29 við Móabará, hafa skýrt sér frá því, að hann væri búinn að fá götuleyfi. Kveður vitnið mann þennan hafa skýrt sér frá því, að jarðstrengur mundi

vera þarna einhvers staðar á tveggja metra kafla, og hafi hann talið, að hann mundi vera í um 1 m dýpt. Vitnið kveður skurðinn, sem það gróf, hafa þurft að fara yfir jarðstrenginn. Ekki kveðst vitnið muna nánar, hvernig afstaðan var þarna. Kveðst vitnið engan uppdrátt hafa haft af staðsetningu jarðstrengsins. Kveður það manninn aðeins hafa krotað á jörðina með fætinum, hvar strengurinn mundi vera. Vitnið kveðst eiginlega hafa verið hætt að grafa, vegna þess að það hafi ekki vitað nánar um staðsetningu jarðstrengsins, en það kveður manninn hafa beðið sig um að grafa svolítið lengra. Það kveðst hafa látið tilleiðast og kveður jarðstrenginn þá hafa farið í sundur. Vitnið kveðst hafa notað stuðningsklossana á vélinni, á meðan það var að grafa umræddan skurð. Kveður vitnið stuðningsklossana vera til að varna því, að dráttarvélín dragist aftur á bak, þegar hún er í átaki, og einnig til að varna því, að vélín fari á hliðina, þegar gröfuarminum er snúið út til hliðanna. Vitnið kveður hægt að nota skurðgröfuútbúnaðinn, án þess að stuðningsklossunum sé hleypt niður. Ef dráttarvélín festist, kveður vitnið til dæmis hægt að draga hana áfram og aftur á bak með því að beita skurðgröfuarminum og eins sé hægt að færa dráttarvélina til hliðar með þessum hætti. Vitnið kveður sérstök stjórnþæki vera til að stjórna skurðgröfuútbúnaðinum á vélinni. Kveður vitnið skurðgröfuútbúnaðinn fá afl sitt frá vökvakerfi, sem drifið sé af aflvél dráttarvélarinnar. Um mánaðamótin október—nóvember 1965 kveðst vitnið hafa starfað með vélina við að grafa ofan af jarðstrengjum á Hofsósi. Kveður það verkstjóra rafmagnsveitunnar á staðnum hafa spurt sig að því, hvort keypt hefði verið trygging fyrir vélina. Vitnið kveðst ekki hafa vitað, hvernig tryggingu vélarinnar var háttað, og kveðst ekki hafa náð til stefnanda. Vitnið kveður sér hafa verið ráðlagt að taka tryggingu fyrir vélina og kveðst því hafa haft samband við umboðsmann stefnda á Hofsósi. Kveður vitnið tryggingartímabilið hafa verið ákveðið samkvæmt áætlun verkstjórans á þeim tíma, sem verkið mundi taka, en fjárhæðir tryggingarinnar muni hafa verið ákveðnar í samráði við umboðsmann stefnda á Hofsósi.

Kröfur stefnanda eru byggðar á því, að hann hafi keypt af stefnda lögboðna tryggingu fyrir dráttarvélina KD 348 samkvæmt ákvæði 70. gr. laga nr. 26/1958, enda hafi vélín verið skráningar-skyld og tryggingarskyld. Með tryggingarsamningi þeim, sem þannig hafi stofnast með aðiljum, sbr. og ákvæði 67., 68., 69. og 70. gr. umferðarlaga, hafi stefndi tekið að sér að bæta tjón, sem

vélin ylli þriðja manni, og skipti ekki máli, hver notkunin sé eða hvort það sé einn eða annar hluti vélarinnar, sem sé í notkun. Þrátt fyrir þetta hafi stefndi eigi fengizt til að greiða Rafveitu Hafnarfjarðar tjón það, sem dráttarvélin hafi valdið á greindum jarðstreng, en á því tjóni hafi stefnandi borið fébóta-ábyrgð samkvæmt ákvæði 67. gr. umferðarlaga. Því hafi stefnandi sjálfur bætt Rafveitu Hafnarfjarðar tjón þetta, en það eigi hann rétt á að fá endurgreitt af stefnda á grundvelli tryggingarsamnings þeirra aðiljanna um hina lögbundnu ábyrgðartryggingu ökutækja. Er því haldið fram í þessu sambandi, að með orðinu „Iðnaðarvél“ í tryggingarbeiðninni hafi verið gefið til kynna, að tækið yrði notað til annarra starfa en landbúnaðarstarfa. Stefndi hafi samkvæmt því sjálfur ákveðið iðgjald fyrir trygginguna og verði einn að bera hallann af því, ef hann hefur ákveðið það of lágt. Þá er því haldið fram af hálfu stefnanda, að það skipti ekki máli, hvort dráttarvélin hafi verið skorðuð.

Sýknukrafa stefnda er á því byggð, að skylduvátrygging dráttarvélarinnar KD 348 sem vélknúins ökutækis taki eigi til tjóns þess, sem fjallað er um í máli þessu. Samkvæmt 1. mgr. 70. gr. umferðarlaga beri eigendum skráningarskyldra vélknúinna ökutækja að kaupa hjá vátryggingarfélagi og halda við vátryggingu til tryggingar greiðslu tjóna, sem hljótast kunna af hinu tryggða tæki sem vélknúnu ökutæki í notkun. Þótt tjón hljótist af tækjum, sem tengd séu við dráttarvélin, t. d. tæki til skurðgraftar, eins og hér er fjallað um, þá sé auðsætt, að dráttarvélin sé ekki í notkun sem ökutæki, heldur sem vinnuvél, enda sé tækið algerlega komið yfir á svið skurðgröfu, en slík tæki séu ekki tryggingarskyld samkvæmt umferðarlögum. Er því haldið fram samkvæmt þessu, að er umrætt tjón varð, hafi dráttarvél stefnanda ekki verið í notkun sem vélknúð ökutæki, heldur sem vinnuvél, þ. e. skurðgrafa. Er á það bent í þessu sambandi, að við slíka notkun tækisins sé það skorðað fast og verði ekki hnikað úr stað, á meðan grafið sé. Er því og haldið fram í þessu sambandi, að er umræddur tjónatburður varð, hafi stefnandi vitað, hver takmörk hinni lögboðnu ábyrgðartryggingu hafi verið sett, þar sem hann hafi áður verið búinn að kaupa frjálssa ábyrgðartryggingu fyrir dráttarvélin og tækjabúnað hennar um takmarkaðan tíma. Þá er því haldið fram, að með notkun dráttarvélarinnar sem skurðgröfu í þéttbýli hafi verið farið út fyrir eðlilegt notkunarsvið hennar sem dráttarvélar til landbúnaðarstarfa og hafi það stóraukið áhættu stefnda gagnvart

þriðja manni. Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að tjónið hafi hlotizt af stórkostlegri óvarkárin stjórnanda tækisins, þar sem hann hafi unnið að greftinum innanbæjar án þess að kynna sér hjá viðkomandi aðiljum, hvar leiðslur lægju, en samkvæmt ákvæði 8. gr. tryggingarskilmálanna leiði þetta til þess, að stefnandi hafi fyrirgert rétti sínum á hendur stefnda.

Það er ágreiningslaust, að dráttarvélin KD 348 hafi verið skráningarskyld samkvæmt 11. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, sbr. nú lög nr. 40/1968, og að stefnanda hafi sem eiganda hennar verið skylt að kaupa ábyrgðartryggingu fyrir hana samkvæmt 70. gr. sömu laga. Keypti stefnandi slíka tryggingu, eins og rakið hefur verið. Ekki þykir breyting sú, sem gerð var á áhættuflokkum dráttarvéla við hina lögboðnu ábyrgðartryggingu, hafa þýðingu við úrlausn máls þessa, enda er það alkunna, að við hina lögboðnu ábyrgðartryggingu vélknúinna ökutækja er þeim skipt í áhættuflokka eftir svæðum og notkun. Það er ágreiningslaust, að tjón það, sem mál þetta er risið af, hafi orðið, er skófla skurðgröfutækis þess, sem dráttarvélin var búin, sleit rafmagnsjarðstreng, sem lá í um þriggja feta dýpt, er unnið var með tækinu við að grafa skurð frá húsinu nr. 29 við Móabará. Á árinu 1964 hafði stefnandi sjálfur keypt frjálssa ábyrgðartryggingu hjá stefnda um takmarkaðan tíma, á meðan unnið var við svipuð störf og er umrætt tjón varð. Mátti hann því ætla, að hin lögboðna ábyrgðartrygging tæki ekki til tjóns sem þessa. Það verður að telja, að tjón þetta liggi utan notkunarviðs dráttarvélarinnar sem skráningarskylds vélknúins ökutækis og falli því utan sviðs tryggingar þeirrar, sem stefnandi keypti hjá stefnda samkvæmt 70. gr., sbr. 69. gr. umferðarlaga. Verður stefndi því sýknaður af kröfum stefnanda í máli þessu. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Birni Bjarnarsyni ráðunaut og Sigurgesti Guðjónssyni bifvélavirkjameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Samvinnutryggingar g/t, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Georgs Hermannssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.